



5. stjórnarfundur LH
3. febrúar 2021 kl. 20.00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson formaður, Stefán Logi Haraldsson, Eggert Hjartarson, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Siguroddur Pétursson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn. Lilja Björk Reynisdóttir, Einar Gíslason og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Aníta Aradóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mætt: Hjörný Snorradóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Fundargerð 2., 3. og 4. fundar samþykktar

2. Skipan nefnda LH 2021-2022

Fyrir liggur tillaga um skipan í eftirfarandi nefndir og starfshópa:

Aganefnd – *Formaður Þorvaldur Sigurðsson*

Ferða – og öryggisnefnd – *Formaður Eggert Hjartarson*

Keppnisnefnd – *Formaður Einar Gíslason*

Laganefnd – *Formaður Ólafur Haraldsson*

Landsliðsnefnd – *Formaður Kristinn Skúlason*

Mannvirkjanefnd – *Formaður Ómar Ingi Ómarsson*

Menntanefnd – *Formaður Mette Mannseth*

Reiðvega- og samgöngunefnd – *Formaður Hákon Hákonarson*

HH og BK falið að biðja hestamennafélög á Austurlandi um tilnefningu fyrir Austursvæði.

Tölvunefnd – *Formaður Þórður Ingólfsson*

Æskulýðsnefnd – *Formaður Sara Gísladóttir*

Dómaranefnd – *Formaður Guðni Halldórsson*

BK falið að biðja GDLH og HÍDÍ um tilnefningu í nefndina.

Mótanefnd

Rætt um verkefni nefndar og nefndaskipan. GH falið að hafa samband við hestamannafélögin á Norðurlandi og Vesturlandi og óska eftir tilnefningu frá þeim í nefndina.

Átakshóp um nýliðun og útbreiðslu – *Formaður Gréta V. Guðmundsdóttir*

Gæðingafiminefnd

Óskað eftir formlegu erindi frá nefndinni um hvernig þau sjá fyrir sér áframhaldandi störf nefndarinnar.

3. Forvarnarmyndband og umferðarsáttmáli – átaksverkefni með Samgöngustofu

Hjá Samgöngustofu er í undirbúningi fræðslumynd í teiknimyndaformi og er handritið langt komið. Samgöngustofa leggur til 1.000.000 kr. í verkefnið en heildarkostnaður við framleiðslu og kynningu er áætlaður um 3.500.000.

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

HS vikur af fundi.



4. Starfs- og hæfisreglur stjórnar
Drög að starfsreglum, hæfisreglum og reglum um trúnað stjórnarmanna kynnt.
Afgreiðsla: Samþykkt. Reglurnar eiga einnig við um nefndir LH. Framkvæmdastjóra falið að senda á formenn nefnda sem kynna reglurnar fyrir nefndafólki.
5. Æskan og hesturinn 2021 – beiðni um styrk
Sýningin Æskan og hesturinn er fyrirhuguð 1. maí nk. í TM-reiðhöllinni í Víðidal, farið er fram á styrk að fjárhæð 75.000 kr. til að fjármagna aðkeypta þjónustu. Sýningin er samstarf hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu.
Afgreiðsla: Samþykkt.
6. Dómgæsla á kappreiðum – erindi frá GDLH
Við framkvæmd skeiðkappreiða mega gæðingadómarar einungis vera í hlaupagæslu en mega ekki dæma. Stjórn GDLH fer þess á leit við stjórn LH að hún komist að því hvenær að gæðingadómarar misstu réttindin til dómgæslu/yfirdómgæslu á kappreiðum og fer fram á að LH vinni að því að gæðingadómarar öðlist full réttindi til að dæma skeiðkappreiðar sem dómarar/yfirdómarar.
Afgreiðsla: Skeiðkappreiðar eru undir íþróttakeppnisreglum FEIF og er ekki á forræði LH. GDLH hvatt til að senda inn formlegt erindi til LH sem kæmi því á framfæri við FEIF fyrir hönd GDLH.
7. Starfsmannamál
 - Lagt er til að verkefnastjóri á Skrifstofu LH sem hefur verið í 80% starfshlutfalli verði í 90% starfshlutfalli 2021.
 - Samþykkt að kanna möguleika á ráðningarstyrk hjá Vinnumálastofnun til að ráða starfsmann í skráningu og flokkun gagna á skrifstofu.
 - Vinnumálastofnun hefur opnað fyrir umsóknir vegna greiðslna til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna.
8. Umferðaröryggi hestamann í Reyðarfirði – áskorun til Vegagerðarinnar
Hestamenn í Reyðarfirði óskuðu eftir stuðningi stjórnar LH í baráttu þeirra fyrir undirgöngum undir þjóðveg við hesthúsahverfið í Reyðarfirði.
Afgreiðsla: Áskorun send til Vegagerðarinnar.
9. Samþykktir landsþings
 - a. Áskorun til BÍ og FEIF um skráningu nafna í WorldFeng
 - b. Áskorun til Vegagerðar og Samtaka sveitarfélaga um að standa vörð um reiðleiðir*Afgreiðsla: Bréf send.*

Fundi slitið um kl. 21.30